

Námsfyrirkomulag í kjarnafögum í unglingadeildum



*Lokaskýrsla vegna þróunarstyrks úr Sprotasjóði skólaárið
2011 - 2012*

Nafn verkefnisins: Námsfyrirkomulag í kjarnafögum í unglingsáæildum

Nafn verkefnisstjóra: Arnar Þorsteinsson

Markmið verkefnis

Skólaárið 2006 – 2007 hófst í Ölduselsskóla tilraun með breytt fyrirkomulag kennslu í kjarnagreinum á unglingsáæildum. Voru drög að fyrirkomulaginu sett saman á námskeiði sem Menntasvið Reykjavíkur stóð að. Kallaðist námskeiðið „Að leiða breytingar“ og var stýrt af Ingvari Sigurgeirssyni en af hálfu Ölduselsskóla sóttu það Daníel Gunnarsson skóllestjóri og Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi.

Hugmyndin sem lagt var upp með tengdist breytingu á reglugerð um samræmd lokapróf í grunnskóla (2005) þar sem nemendum 8. og 9. bekkja var gefinn kostur á þreyta samræmd lokapróf sem þá voru enn við lýði. Einnig hafði nokkur umræða verið um að grunnskólinn kæmi ekki nægilega vel til móts við getumikla nemendur og lá þetta tvennt til grundvallar þeim hugmyndum sem síðar hafa orðið að veruleika í kennslufyrirkomulagi Ölduselsskóla í ensku og stærðfræði.

Leiðir að markmiði

Í fyrstu var ákveðið að bjóða nemendum Ölduselsskóla nýja leið í stærðfræði við lok 7. bekkjar þar sem gert var ráð fyrir að nemendur tileinkuðu sér námsefni grunnskólans í stærðfræði á níu árum samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár og gátu þá valið að ljúka samræmdu prófi í stærðfræði við lok 9. bekkjar. Töldum við okkur þannig geta komið til móts við nokkuð stóran hóp nemenda sem gæti farið hraðar og markvissar yfir námsefnið en grunur okkar var sá að það gæti átt við um þriðjung hvers árgangs. Úr varð að þessi leið var farin í stærðfræði skólaárið 2006-2007 og tekin upp í ensku ári síðar auk þess sem slíkt námsfyrirkomulag hefur staðið nemendum til boða í íslensku frá hausti 2008.

Kennarar í stærðfræði og ensku tóku virkan þátt í undirbúningi verkefnisins og einnig í að þróa það áfram. Það að gefa kennurum veigamikinn þátt í verkefninu hafði mikið að segja um hversu vel gekk að innleiða verkefnið og hafði jákvæð áhrif á skólalastarfið.

Framkvæmdin var með þeim hætti að í stærðfræði og ensku er allur árgangur skólans á sama tíma í viðkomandi námsgrein í þremur námshópum. Sá hópur sem ákveður að fara hraðar yfir námsefni grunnskólans vinnur samkvæmt áætlun þar sem námsefni 8. til 10. bekkjar er skipt niður í nokkra námsþætti. Stefnt er að því að ljúka u.þ.b. helmingi þeirra á fyrra árinu og hinum helmingi á því síðara. Nemendum sem ljúka grunnskólanámi samkvæmt

aðalnámskrá við lok 9. bekkjar gefst þá kostur á að halda áfram námi á framhaldsskólastigi. Ölduselsskóli er í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og er boðið upp á staðbundið heilsárs nám í ensku og stærðfræði undir leiðsögn kennara með framhaldsskólaréttindi. Kennir er í Ölduselsskóla á sama tíma og nemendur á hefðbundnu róli sækja tíma í þessum greinum. Nemendum hefur einnig verið boðið upp á fjarnám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla auk þess sem sá möguleiki er fyrir hendi að sleppa stærðfræði og/eða ensku síðasta veturinn í grunnskóla og leggja meira á sig í öðrum greinum eða velja meira af verk- og listgreinum.

Námsfyrirkomulagið er þannig að loknum hverjum námsþætti er lögð fyrir könnun þar sem nemendur þurfa að geta staðið skil á a.m.k. 70% af því efni sem unnið hefur verið með. Gangi það eftir gefst nemandanum tækifæri til að hefjast handa við næsta námsþátt. Hafi nemandinn ekki tileinkað sér 70% af efni námsþáttarins boðar kennarinn nemanda og foreldra til fundar. Á fundinum er farið yfir stöðu mála og nemandanum boðið að fá viðbótartíma til að tileinka sér efnið betur samhliða því að tekist er á við námsþátt 2.

Að námsþætti 2 loknum er aftur lögð fyrir könnun. Þá þurfa nemendur að sýna að þeir hafi á valdi sínu 70% eða meira af því efni sem unnið hefur verið með til þess að geta hafist handa við námsþátt 3. Nemandi sem ekki hefur á valdi sínu 70% af námsefni námsþáttar 1 hefur nú nýtt sér aðstoð í allt að 5 kennslustundir og vinnur tvær kannanir (könnun úr námsþáttum 1 og 2). Til þess að geta hafist handa við námsþátt 3 verður nemandinn að hafa á valdi sínu minnst 70% af öðrum námsþáttum 1 og 2 þannig að nemandi er aldrei með meira en einn námsþátt ólokinn þegar hafist er handa við nýjan námsþátt. Þó verður meðaltalseinkunn þriggja síðustu námsþáttanna allaf að vera að lágmarki 7,5. Standist nemandi ekki ofangreind viðmið færir hann af þessari braut og í hefðbundið námsfyrirkomulag þar sem stefnt er að samræmdu prófi við lok 10. bekkjar.

Frávik og hindranir miðað við áætlun

Áður er farið var af stað heyrðust eðlilegar gagnrýnisraddir. Var meðal annars spurt hvort hér væri ekki einfaldlega á ferðinni „gamla getuskiptingin“ og hvort þetta myndi ekki hafa letjandi áhrif á þá nemendur sem ákvæðu að fara hefðbundna leið í þessum námsgreinum og ljúka grunnskólanáminu einfaldlega við lok 10. bekkjar. Svörin voru þau að hér væri aðeins um að ræða einn til tvo námshópa af fjölmörgum í hverjum árgangi þar sem nemendur myndu vissulega að einhverju leyti skiptast eftir getu í viðkomandi grein. Í öllum öðrum greinum myndu nemendur hins vegar blandast og því langt frá því að hér væri verið að vekja upp gamla drauga hefðbundinnar getuskiptingar. Þá var hluti hugmyndarinnar einnig sá að í „hraðferðarhópinn“ (eins og nemendur hafa kosið að kalla hann) myndi veljast góður þriðjungur hvers árgangs. Hinir hóparnir tveir yrðu fámennir og tiltölulega einsleitir og að þar yrði lögð mikil áhersla á að fá góða kennara sem gætu sinnt hverjum og einum nemanda

betur en oft áður. Ekki verður annað séð en þetta hafi lengstum gengið eftir og virðist sem hvort tveggja nemendur og foreldrar hafi að mestu verið ánægðir með fyrirkomulagið.

Ef skólinn velur að halda þessu verkefni áfram væri gott að endurskoða hvernig nemendur velja að fara þessa leið í náminu. Fram að þessu hefur það verið lagt í hendurnar á nemendum sjálfum og foreldrum hvor leiðin sé valin. Kennsluhættir á miðstigi byggja einnig mikið á hópavinnu sem getur skilað sér í ónákvæmu námsmati og því getur voreinkunn ekki gefið eins nákvæma mynd af stöðu nemandans og æskilegt er. Betra væri ef einhverskonar könnun væri lögð fyrir að vori til að skoða ákveðin grunnatriði í viðkomandi námsgreinum. Niðurstöður slíkrar könnunar sýndu þá hvort nemendur hefðu nægilega góðan grunn til að velja þessa leið. Verkferlar mættu einnig vera skýrari og hlutverk hvers og eins sem að verkefninu koma, s.s. hvert er hlutverk kennara, námsráðgjafa og stjórnenda. Eins koma reglulega upp álitamál sem þyrfti að vera skýrara verklag í kringum. Dæmi um slíkt er ef nemandi fær einkunnina 8 í stærðfræði 10. bekkjarefnisins við lok 9. bekkjar og síðan meðaleinkunnina 9 úr framhaldsskólaáföngunum við lok 10. bekkjar. Hvor einkunnin gildir þá við útskrift úr grunnskóla?

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Í upphafi verkefnisins, veturinn 2006-2007, var fyrst haldinn almennur kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn 6. og 7. bekkinga. Þar var hugmyndinni almennt mjög vel tekið og virðist ánægja foreldra með þetta fyrirkomulag síður en svo hafa minnkað eftir því sem árin hafa liðið. Það er þó fyrst og fremst tilfinning og mætti gjarnan athuga nánar. Á hverju vori hefur verið boðað til fundar með foreldrum 7. bekkja auk þess sem kynningarbréf hefur verið sent heim og umsjónarkennarar rætt og kynnt námsfyrirkomulagið í foreldraviðtölum. Frá árinu 2006 þegar verkefnið hófst hafa nokkuð margir kennarar komið að kennslu þeirra námshópa sem hér um ræðir. Þó er sennilega á engan hallað þó sérstaklega séu nefnd þau Sigmar Hjartarson stærðfræðikennari og Elín Ásta Hallgrímsson sem kennir ensku. Bæði hafa þau tekið virkan þátt í mótun námsfyrirkomulagsins auk þess að hafa kennt fjölmörgum námshópum, Elín Ásta hvort tveggja á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Sigmar á einnig að mestu heiðurinn af því lotuskipta fyrirkomulagi sem námið byggir á. Einnig er vert að minnast á samstarfið við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem hefur verið afar farsælt, hvort tveggja gagnvart stjórnendum og þeim sem komið hafa að kennslu og námsmati með einum eða öðrum hætti. Ber þar sérstaklega að geta Gunnars Páls Jóakimssonar stærðfræðikennara. Helsti ávinningur verkefnisins er þó án efa sá jákvæði vinnumóral sem hefur myndast í þessum námshópum. Í þessu verkefni hefur tekist að skapa ákveðna menningu sem einkennist af vinnusemi, metnaði og jákvæðni gagnvart námi sem er mjög eftirsóknarvert fyrir skólann að halda í.

Mat á verkefninu

Þó svo að árangur af verkefninu verði ekki eingöngu metinn út frá einkunnum er áhugavert að sjá þar heildarsvipinn. Meðaleinkunnir í hvoru tveggja ensku og stærðfræði hafa aldrei farið undir 8 og í raun oftast verið nær 9. Á tímabilinu frá árinu 2009 til 2011 var t.d. meðaleinkunnin úr framhaldsáföngunum í stærðfræði 8,8 og úr framhaldsáföngunum í ensku 8,4 sem hlýtur að teljast framúrskarandi árangur.

Þegar fyrsti árgangurinn sem farið hafði þessa leið, útskrifaðist og var að ljúka sínu fyrsta námsári í framhaldsskóla var ákveðið að leggja fyrir hópinn svolitla könnun til að skoða viðhorf þeirra til námsleiðarinnar. Var það ekki síst gert í ljósi þess að samræmd lokapróf úr grunnskóla voru nú aflögð og hávær umræða um að gera fyrstu áfanga framhaldskólans í kjarnagreinum að hluta grunnskólanáms. Kvennaskólinn var á sama tíma að fikra sig í átt til nýrrar aðalnámskrár þar sem fyrstu áfangarnir voru einmitt felldir út.

15 nemendur svöruðu könnuninni og voru helstu niðurstöður þessar:

- 13 nemendur voru í bekkjarkerfi, 2 í áfangakerfi
- 11 tóku enskuáfanga og 14 stærðfræði
- 3 fengu áfangana metna athugasemdalaust, 5 metna að hluta til og 7 ekki metna
- 13 töldu sig vel undirbúna undir núverandi nám í þessum greinum, einn var því ósammála og 1 ekki viss
- 12 sögðust mundu fara sömu leið aftur við upphaf 8. bekkjar, 3 voru ekki vissir.

Umsagnir nemenda

Ég er núna í Kvennó og þar er þetta þriggja ára dæmi í gangi og vegna þess gat ég ekki fengið áfangana metna þar sem að í þessu nýja kerfi eru byrjunar áfangarnir felldir út vegna þess að þeir eru bara taldir upprifjun á 10unda bekkjar efninu. Svo eru áfangarnir þarna í Kvennó það miklu erfiðari en FB áfangarnir sem ég tók að ekki sé hægt að fá áfangana metna út af því. Þeir eru þetta erfiðari vegna þess að þetta þriggja ára dæmi er í gangi þá þurfti að þjappa öllu efninu sem er venjulega tekið á fjórum árum niðrí færri áfanga, því eru áfangarnir úr gamla kerfinu ekkert sambærilegir.

Ég var mjög ánægður með þetta fyrirkomulag og fannst þetta hjálpa mér að mörgu leyti.

Ég tók áfangana í stærðfræði en ef ég væri að byrja í 8. bekk núna þá hefði ég einnig tekið enskuáfangana. Þetta var skemmtilegt og kenndi mér ýmislegt sem hefur gagnast mér í MR.

Þó ég hafi ekki fengið stærðfræðina metna nema að hluta til er þetta líklega besti mögulegi grunnur fyrir hvern sem er. Það er frábært að kunna námsefnið þokkalega sem maður er að fara í þó að það sé kannski ekki nákvæmlega það sama. Ég mæli eindregið með því að taka

framhaldsskólaáfangana í grunnskóla því þó þú fáir þetta ekki metið, þá ertu einu skrefi á undan í þessu fagi í allt að eitt og hálf t.ár.

Mér finnst þetta gott uppátæki hjá ykkur en ég vona að þið haldið áfram að bjóða upp á eitthvað þessu líkt fyrir nemendur skólans því að mér finnst þetta frábært tækifæri.

Gagnast ekki mikið fyrir MR ... samt fint að fara í þetta.

Niðurstöður verkefnisins:

Verkefnið ár frá ári.

Veturinn 2006-2007 völdu 24 nemendur 8. bekkja þessa leið í stærðfræði. Tveir nemendur heltust úr lestinni og voru því 22 sem héldu áfram námsleiðinni í 9. bekk. Sigmar Hjartarson sá um kennsluna og lagði mikið af mörkum við skipulagningu og framkvæmd þennan fyrsta vetur sem boðið var upp á hið nýja námsfyrirkomulag.

Næsta skólaár, veturinn 2007-2008 völdu 27 nemendur 8. bekkja nú námsleiðina í stærðfræði en 23 í ensku (af 59 nemenda árgangi). Einnig var ákveðið að bjóða nemendum 9. bekkja að ljúka námsefni grunnskólans á tveimur árum og vera þannig á sambærilegu róli og í stærðfræðinni við lok 9. bekkjar. Fóru 18 nemendur þá leið.

Veturinn 2008-2009, þennan þriðja vetur verkefnisins, fóru 19 nemendur í 8. bekk þessa leið í ensku og 22 nemendur í stærðfræði. Í 9. bekk héldu 22 nemendur áfram stærðfræðinámi og allir 23 héldu áfram í enskuhópnum. Þá var einnig komið að því að bjóða nemendum 10. bekkja staðbundið nám í fyrstu áföngum framhaldsskólans þar sem þeir höfðu lokið sínu grunnskólanámi. Þar kenndi Elín Ásta 16 nemendum ensku en Gunnar Páll Jóakimsson stærðfræðikennari frá FB sá um stærðfræðikennsluna í 20 nemenda hópi.

Veturinn 2009-2010 voru 22 nemendur í 8. bekk í ensku þennan vetur en 18 nemendur stærðfræði. Í 9. bekk var 21 nemandi í ensku og fjölgaði þá á milli ára en tveimur nemendum var þá boðið að bætast í hópinn. Í 9. bekk voru þá 19 nemendur í stærðfræði. 21 nemandi tók þá framhaldsskólaáfangana í ensku og 20 í stærðfræði.

Veturinn 2010-2011 völdu í 8. bekk 23 nemendur þessa leið í stærðfræði en 28 í ensku. Í 9. bekk voru 16 í stærðfræði og 17 í ensku á þessari námsleið. Í 10. bekk tóku 20 nemendur framhaldsskólaáfangana í stærðfræði og 16 ensku.


Veturinn 2011-2012 voru 13 nemendur 8. Bekkjar sem völdu þessa námsleið í ensku en 25 í stærðfræði. Þá voru 21 í ensku og 17 í stærðfræði úr 9. bekk á þessari námsleið. 10. bekkjar taka sem fyrr fyrstu áfangana framhaldsskólans í stærðfræði (13) og ensku (15).

Veturinn 2012-2013 voru 19 nemendur í 8. bekk sem völdu þessa námsleið í ensku en 23 í stærðfræði. Þar sem um óvenju fámennan árgang er hér að ræða eru aðeins tveir námshópar í hvorri grein sem gerir framkvæmdina svolítið erfiðari en oftast áður. 14 nemendur eru í ensku í 9. bekk og 24 í stærðfræði. 20 nemendur 10. bekkja taka fyrsta ár


framhaldsskólans í ensku og 17 nemendur stærðfræði í samvinnu við Fjölbrotaskólann í Breiðholti.

Á yfirstandandi vetri hafa 24 nemendur valið þessa leið í stærðfræði og 22 í ensku. Í 9.bekk eru 21 nemandi í stærðfræði og 17 í ensku. Í 8.bekk eru 21 nemandi í stærðfræði og 14 í ensku.

Stærðfræði



Enska



Á yfirstandandi vetri hafa 22 nemendur valið að fara þessa leið í ensku og 24 í stærðfræði og búið að gera samstarfssamning við FB til næstu þriggja ára. Hins vegar höfum við aðeins tvo námshópa í 9. bekk nú en ekki þrjá eins og verið hefur frá upphafi verkefnisins. Það gerir

okkur erfiðara fyrir þar sem þrír minni bekkir, þar sem farið er yfir efnið á hefðbundnum hraða í tiltölulega einsleitum námshópum, býður upp á ákveðinn sveigjanleika sem nú virðist fyrir bí í bili.

Sé í dag litið til baka til þess tíma þegar hugmyndir að breyttu námsfyrirkomulagi voru í mótun er ljóst að betur hefur tekist til en nokkur þorði að vona. Fyrir það ber að þakka mörgum en kannski ekki síst almennt góðu samstarfi og jákvæðu viðhorfi nemenda, foreldra og þeirra starfsmanna Ölduselsskóla og FB sem að verkefninu hafa komið. Námsfyrirkomulagið byggði í upphafi á reglugerðarbreytingu frá 2005 um samræmd próf. Þegar þau voru felld niður læddist að mönnum sá grunur að réttast væri að hverfa aftur til hefðbundins fyrirkomulags. Raunin hefur hins vegar orðið sú að þetta fyrirkomulag þarf ekkert á samræmdum prófum að halda en virðist raunar opna ýmsa áhugaverða möguleika sem fylgja nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Framtíðarsýn

Nemendum hefur fækkað í skólanum undanfarin ár og nú erum við aðeins með tvo hópa í 9.bekk og það sama er uppi á teningnum á mið og yngsta stigi. Þetta setur verkefninu skorður því þá getur gagnrýnin um að við séum að endurvekja gömlu getuskiptinguna átt við. Þegar aðeins eru tveir námshópar í árgangi er hætt við að verkefnið fari að snúast upp andhverfu sína þar sem hraðferðarhópurinn verður fámennur en hópurinn sem fer á venjulegum hraða mjög fjölmennur. Með færri hópum er einnig meiri tilhneiging til að láta hraðferðarhópana stýra hópaskiptingum í öðrum greinum, t.d. farið að tala um hraðferðarhóp í dönsku sem ekki var upphaflegt markmið. Með fækkun nemenda í skólanum þarf því að endurskoða verkefnið og meta hvort þetta kerfi getið gengið í því umhverfi.

Líklega verður niðurstaðan sú að við leggjum verkefnið til hliða. Það er óraunhæft að ætla að henti fleirum en þriðjungum hvers árgangs að fara þessa leið í náminu og þegar aðeins eru tveir bekkir verða hópastærðirnar mjög óhentugar. Við í Ölduselsskóla stöndum því á krossgötum núna varðandi framtíð þessa verkefnis og teljum að við getum ekki haldið því áfram í óbreyttri mynd. Næsta verkefni okkar verður að finna leið þar sem við getum haldið í það hvetjandi námsumhverfi sem verkefnið hefur skapað í skólanum í annars konar skipulagi. Þrátt fyrir að við segjum staðar numið hefur verkefnið án efa sannað gildi sitt og verið góður kostur fyrir fjölmenna skóla með marga námshópa í árgangi.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt á fundum m.a. í menntamálaráðuneytinu og í einstaka skólum sem hafa sýnt verkefninu áhuga.

28.október 2013

f.h. verkefnisstjóra
Fríða Kristjánsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Börkur Vígþórsson
skólastjóri ábyrgðarskóla

Rekstrarreikningur

Styrkur vegna verkefnisins var 500.000 kr. Laun til verkefnastjóra á tímabilinu voru 200.000 kr. 300.000 kr. er óráðstafað. Áætlað er að hluti þess sem eftir stendur verði greidd sem laun fyrir gerð lokaskýrslunnar og fyrir skipulagsvinnu um framtíð verkefnisins í skólanum.